

Enska 10.bekkur

Kennarar: Halldóra Lára Benónýsdóttir

10

Skólaárið

2024-2025

Helstu námsþættir vetrarins

Námsþættir vetrarins eru:

- hlustun** á mismunandi efni t.d. úr fjöl-og myndmiðlum þar sem nemendur tileinka sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum eftir áhuga, námi og þekkingu til að segja frá, vinna úr eða nýta sér á annan hátt sér til gagns og ánægju
- lesskilningur** á margvíslegum texta t.d. úr kennslubókunum, dagblöðum, skáldsögum, smásögum, tímaritum, netmiðlum og víðar þar sem nemendur afla sér upplýsinga, bregðast við efninu til frásagnar eða á annan hátt ásamt því að lesa sér til fróðleiks, ánægju og þroska.
- samskipti** sem miða að því að nemendur geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn og efni sem honum er kunnugt, einnig að geta tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum t.d. að miðla, taka á móti upplýsingum, átt skoðanaskipti, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- frásögn** sem miðar að því að nemendur geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir eða hefur kynnst við hlustun eða lestur, tjáð skoðanir sínar, brugðist við spurningum, flutt stutta frásögn, stutt frumsamið efni eða kynningu
- ritun**, þar sem nemendur æfast í að skrifa ýmsar gerðir af formlegum og óformlegum textum með lesanda í huga, skrifað um eða brugðist við því sem hann hefur hlustað, séð eða lesið og fylgt ákveðnu textaformi þar sem það á við. Einnig tjáð tilfinningar, reynslu, þekkingu og skoðanir sínar skriflega. Lögð er áhersla á að sköpunargáfan og myndunaraflíð fái að njóta sín.
- menningarlesi** þar sem nemendur kynnast mismunandi afbrigðum tungumálsins, samfélags-og þjóðfélagsgerðum á enskumælandi málsvæðum Suður-Afríku.
- lykilhæfni** sem snýr að bera ábyrgð á eigin námi, fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra.

Málkerfið og orðaforðinn eru undirstöðuþættir hvers tungumáls og eru samofin öllum færniþáttum og því er notkun orðabóka þjálfuð sem og málfræði. Valdar óreglulegar sagnir verða lærðar utan að.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Námsefni vetrarins verður skipt upp í nokkrar lotur. Áætlun verður fyrir hverja lotu, ef nemandi nær ekki að klára áætlun í kennslustundum þarf hann að vinna það heima. Lykilhæfni sem snýr að því að fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, axla ábyrgð á náminu, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra er æft í hverri kennslustund.

Lota 1 - 1.kafli Spotlight 10 viðfangsefni unglingsáranna, unnið með hlustun, lesskilning, ritun og samskipti

Lota 2 - Kvikmynd Breakfast club og ritgerð, nemendur horfa á myndina og skrifa ritgerð um efni hennar. Unnið með hlustun, ritun og frásögn.

Lota 3 - 2.kafli Spotlight 10, ýmiss fróðleikur um Írland og áhorf á kvikmyndina Angela's ashes og útdráttur unninn. Unnið með hlustun, lesskilning, ritun og samskipti.

Lota 4 - Nemendur búa til 4 daga ferð til Írlands í hópavinnu og kynna fyrir öðrum nemendum. Áhorf á kvikmyndina Angela's ashes og unnin útdráttur. Unnið með lesskilning, ritun og frásögn.

Lota 5 - Stutt útgáfa af Oliver Twist lesin og lesskilningsverkefni unnin samhliða úr bókinni. Unnið með lesskilning og ritun.

Lota 6 - Óreglulegar sagnir, algengar óreglulegar sagnir lærðar utan að. 10 sagnir í senn á viku lærðar.

Lota 7 - 3.kafli Spotlight 10, ýmiss konar efni um hræðslu lesið og unnið með. Unnið með hlustun, lesskilningur, samskipti og ritun.

Lota 8 - Skáldsaga á ensku að eigin vali og ritgerð. Nemendur velja sér bók minnst 200 bls. eftir áhugasviði og skrifa um hana. Unnið með

lesskilning og ritun.

Lota 9 - 6.kafli Spotlight um Suður-Afríku, kynning sem nemendur búa til tengda S-Afríku og horft á kvikmyndina um Nelson Mandela ef tími er til. Unnið með esskilning, hlustun, samskipti, frásögn, ritun og menningarläsi.

Lota 10 - 5.kafli Spotlight sem fjallar um frægð frá ýmsum hliðum, nemendur búa til fræga persónu og kynna. Nemendur hlusta á podcast þátt að eigin vali og rita um. Unnið með lesskilning, frásögn, ritun og samskipti.

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (ef þarf) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn í kennslustundum
- Sjálfstæð vinna
- Samvinnunám og paravinna
- Hópverkefni og kynningar
- Verkefni unnin (ritun, bókrýni, kvikmyndaverkefni o.fl.)
- Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni eftir eignum og aðstæðum
- Google classroom umhverfið verður nýtt eins og kostur er

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefni. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum s.s hljóðefni. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þessa þurfa.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða ýmis verkefni og próf lögð fyrir í hverri lotu til námsmats þar sem reynir á námsþættina. Stuðst verður við leiðsagnarmat. Símat kennara og sjálfsmat jafnt og þétt yfir veturinn.

Námsgögn

Spotlight 10 lesbók og vinnubók

Oliver Twist smábók

Skáldsaga að eigin vali

Myndefni

Hlustunarefni

Ýmis verkefni sem snerta alla námsþætti

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlum og nýtt tímann vel
- gefa góðan vinnufrið
- axlað ábyrgð á náminu
- átt í góðum samskiptum við aðra

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Hlustun

- tileinkað sér aðalatriði úr frásögnum og sögum um unglingsárin (1.lota)
- nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu (7.lota)
- fylgst án vandkvæða með aðgengilegu efni í myndmiðlum sér til gagns og ánægju og unnið úr (2.lota)
- fylgst án vandkvæða með efni um Suður - Afríku og nýtt efnið í verkefnavinnu (9.lota)
- fylgst án vandkvæða með aðgengilegu efni í fjöl -og myndmiðlum og unnið úr (3.lota)

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Lesskilningur

- lesið um viðfangsefni unglingsáranna í stuttum textum og sögum og aflað sér upplýsinga úr þeim (1.lota)
- lesið og skilið styttri skáldsögur (5.lota)
- lesið sér til fróðleiks og ánægju smásögur og ýmsa texta um hræðslu (7.lota)
- greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér efni skáldsögu í verkefnavinnu (8.lota)
- lesið sér til gagns og ánægju stutta texta og sögur tengdar Írlandi (3.lota)
- lesið og unnið með texta með algengan orðaforða (5.lota)
- leyst ýmis konar lesskilningsverkefni og unnið með algengan orðaforða tengdum hræðslu (7.lota)
- lesið sér til fróðleiks rauntexa úr netmiðlum um Suður - Afríku (9.lota)
- lesið sér til fróðleiks rauntexa úr netmiðlum um Írland (4.lota)
- leyst ýmis konar lesskilningsverkefni og fundið lykilupplýsingar í texta (5.lota)

- lesið sér til gagns og ánægju skáldsögu fyrir ungt fólk og myndað sér skoðanir á henni (8.lota)
- aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér í verkefnavinnu (10.lota)

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um málefni unglingsárunum og beitt réttum áherslum og framburði (1.lota)
- Beitt eðlilegum framburði, hrynjanda og áherslum af nokkru öryggi með orðaforða tengdum hræðslu (7.lota)
- Haldið uppi samræðum með eðlilegum framburði og algengum orðaforða (3.lota)
- Beitt nokkuð réttu máli, með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi (9.lota)
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu um hræðslu (7.lota)
- Beitt nokkuð réttu máli, með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi (10.lota)

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Frásögn

- tjáð sig um málefni sem hann þekkir (2.lota)
- tjáð sig um málefni sem hann þekkir og (10.lota)
- tjáð sig um málefni sem hann þekkir (2.lota)
- flutt vandaða kynningu um undirbúið efni tengt Suður - Afríku (9.lota)

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Ritun

- sýnt góð tók á einföldum orðaforða um viðfangsefni unglingsáranna (1.lota)
- sýnir góð tók á meginreglum málnotkunar er varðar reglulega og óreglulega fleirtölu, nútíð og lýsingarhátt nútíðar og hjálparsagnir (1.lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta (2.lota)
- skrifað um efni sem hefur séð og hlustað á, á skilmerkilegan hátt og sýnt góð tók á orðaforða (3.lota)
- skrifað einfaldan texta í kynningu um Írland, sýnt góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar (4.lota)
- beitt meginreglum málnotkunar hvað varðar óreglulegar sagnir (6.lota)
- sýnt fram á góð tók á meginreglum málnotkunar um þátíð og lýsingarhátt þátíðar, -ing ending “do and make” og þjóðerni (7. lota)

- sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar (8.lota)
- brugðist skilmerkilega við því sem hefur hlustað, lesið og séð um Suður - Afríku (9.lota)
- skrifað texta í samræmi við inntak og tilgang (10.lota)
- sýnt fram á góð tók á meginreglum málnotkunar er varðar nafnorð, skilyrtar málsgreinar og „usually+used to“ (10.lota)
- brugðist skilmerkilega við því sem hefur hlustað og séð um viðfangsefni unglingsáranna (1.lota)
- skrifað texta úr efni sem hefur hlustað á, sýnt góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar (2.lota)
- brugðist skilmerkilega við því sem hefur hlustað, lesið og séð (3.lota)
- leikið sér með málið og látið hugmyndaflugið og sköpunargáfuna njóta sín (3.lota)
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín í kynningu um ferð til Írlands (4.lota)
- sýnt fram á góð tók á orðaforða tengdum hræðslu (7.lota)
- skrifað lengri texta/ritgerð í samræmi við inntak og tilgang skrifanna (8.lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu texta og notað tengiorð við hæfi (8.lota)
- skrifað lipran, samfelldan texta í kynningu um afmarkað efni tengt Suður - Afríku, sýnir góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar (9.lota)
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín (10. lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta (1.lota)
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín (2.lota)
- beitt meginreglum málnotkunar er varðar „much, many....“, samtengingar og tengingar (3.lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta (3.lota)
- sýnt fram á góð tók á meginreglum málnotkunar (5.lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta (7.lota)
- tjáð sig um skoðanir sínar á skáldsögu valinni eftir eigin áhugasviði (8.lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta (8.lota)

- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín í kynningu Suður – Afríku (9.lota)
- sýnt fram á góð tæk á góðum orðaforða tengdan frægð (10.lota)

AS Enska 10. bekkur 2024 - 2025 - Menningarläsi

- sýnt fram á að þekki nokkuð til innri samfélagsgerðar Írlands og hvað einkennir þjóðfélagið (4.lota)
- sýnt fram á að þekki vel til mannlífs og menningar Suður - Afríku og hvað einkennir þjóðfélagið (9.lota)